

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Verksmiðjur mega ekki nota rotvarnarefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu eða öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess framkvæmt nitrit-ákvarðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan cinnig að hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni (síld, loðna og annar bræðslufiskur), sem tekið er til vinnslu, má aldrei innihalda meira en 0.2% af nitrit (reiknað sem NaNO_2) þegar það er unnið.

Skylt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um, að gerðar séu vikulega að minnsta kosti tvær nitrit-ákvarðanir á rotvörðu hráefni í hverju geymslurúmi (þró, tanki o. s. frv.) og skulu niðurstöður bókfærðar.

Meðan á vinnslu stendur skulu gerðar nitrit-ákvarðanir á soði a. m. k. einu sinni á sólarhring og niðurstöður bókfærðar.

4. gr.

Í nýframleiddu mjöli má aldrei vera meira en 0.2% natriumnitrit.

Ef efnagreining leiðir í ljós, að ákveðið mjölmagn innihaldi meira en 0.2% natriumnitrit á framleiðsludegi, ber vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) tafarlaust að tilkynna það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með símskeyti.

Mjöl, sem inniheldur meira en 0.2% natriumnitrit verður að aðgreina sérstaklega í mjölhúsum og er bannað að ráðstafa því, nema með leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

5. gr.

Ekki má nota aðrar rotvarnarefnablöndur og ekki meira magn af þeim en Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins leyfir. Rannsóknastofnunin gefur út fyrirsmæli a. m. k. árlega um efnahlutföll í leyfilegum rotvarnarefnablöndum.

6. gr.

Öllum verksmiðjum, sem nota rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur.

7. gr.

Verksmiðjum, sem hafa óuppleyst natriumnitrit í vörzlum sínum, ber að geyma það í sérstökum læstum geymslum. Ef því verður við komið, skulu geymslur þessar vera eldtraustar. Ekki mega óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

8. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarvörum, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1966, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1966.

Árið 1966 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 3 850.00
b. Karlar	— 3 500.00
c. Konur	— 2 625.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 28.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1966 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 2 000.00
b. Konur	— 1 400.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.